



852. fundur stjórnar GSÍ, 11. september 2014, kl.17:00 á skrifstofu GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Kristín Guðmundsdóttir, Eggert Ágúst Sverrisson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Gunnar Gunnarsson og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.
2. HM Japan, IGF aðalfundur
Haukur Örn gerði grein fyrir árangri kvennasveitar GSÍ á Heimsmeistaramóti áhugamanna í kvennaflokki, Espirito Santo Trophy sem fram fór í Karuizawa í Japan. Sunna Víðisdóttir GR, Guðrún Brá Björgvinsdóttir GK og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir GR léku fyrir hönd Íslands og varð liðið í 29. sæti af 50 þjóðum sem tóku þátt í kvennaflokki.
Á aðalfundi IGF sem var haldinn samhliða Heimsmeistaramóti áhugamanna í Japan, var m.a. rætt um fyrirkomulag á keppni í golfi á Ólympíuleikunum í Ríó sem fram fara 2016 og með hvaða hætti kylfingar öðlast rétt til þátttöku í mótinu. Þá var rætt um ný yfirlauna Ólympíuleika æskunnar sem fram fóru í Nanjing í Kína, en þar var golf meðal keppnisgreina í fyrsta skipti. Mikil ánægja var með þátttöku kylfinga á Ólympíuleikum æskunnar og fékk golfíþróttin mikla athygli á leikunum. Ákvörðun var tekin um það að Heimsmeistaramót áhugamanna árið 2018 skyldi fara fram á Carton House í Írlandi.
3. KPMG Bikarinn
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeirri niðurstöðu að fella niður KPMG Bikarinn í ár. Ástæðan er sú að þeir kylfingarnir sem koma til greina í liðin eru farnir til náms í Bandaríkjunum og eins eru nokkrir afrekskylfingar GSÍ í verkefnum erlendis á sama tíma og keppnin átti að fara fram. Þá eru atvinnukylfingar okkar að undirbúa þátttöku í úrtökumótum fyrir Evrópumótaröðina á sama tíma. Eftir að hafa rætt aðra möguleika varðandi fyrirkomulag mótsins við KPMG þá var niðurstaða beggja aðila sú að mótið færi ekki fram að þessu sinni.
Samþykkt er að fela mótanefnd að skoða málið vel í heild sinni og finna heppilega tímasetningu næsta sumar fyrir mótið. Stefnt verður að því að halda mótið fyrr um sumarið, þegar bestu kylfingarnir eru staddir á landinu.
4. Lokahóf og verðlaunaafhending
Samþykkt að lokahóf og verðlaunaafhending á Eimskipsmótaröðinni og Íslandsbankamótaröðinni verði í höfuðstöðvum Íslandsbanka við Kirkjusand. Dagsetning verði ákveðin í samráði við samstarfsaðila GSÍ og hún kynnt ítarlega á vef sambandsins. Eins væri mikilvægt að auglýsa hátíðina ítarlega í



klúbbunum og hvetja forystumenn þeirra og þá kylfinga sem eru í verðlaunasætum til að mæta.

5. Skipan afreksnefndar

Forseti lagði til í framhaldi af breytingum í afreksnefnd GSÍ sem kynntar voru á síðasta stjórnarfundum að Gunnar K. Gunnarsson tæki við formennsku í afreksnefnd. Var það samþykkt.

6. Formannfundur

Ákveðið hefur verið að formannafundur GSÍ fari fram 8. nóvember n.k. Samþykkt var á síðasta stjórnarfundum að halda fundinn á Hótel Hamri. Ákveðið var að dagskrá fundarins yrði með þeim hætti að skýrsla forseta og reikningar yrðu kynntir fyrir hádegi og síðan yrðu umræður og kynningar eftir hádegi. Framkvæmdastjóra var falið að vinna að frágangi og skipulagi fundarins í samráði við forseta.

7. Útgáfumál, golf.is

Útgáfa Golf á Íslandi hefur gengið ágætlega það sem af er ári og er nú unnið að útgáfu á blaði sem kemur út í október og síðan er fyrirhugað desemberblað. Sala auglýsinga hefur gengið ágætlega, þó eitthvað dragi úr sölnunni þegar líður á árið.

Golf.is hefur verið í nokkurri þróun í sumar og m.a. hefur félagahluti kerfisins verið endurhannaður og færður inni kerfið sjálft. Með því fyrirkomulagi fellur niður vinna klúbbanna í Felixsport, tölvukerfi ÍSÍ, sem áður var félagahluti golfkerfisins, golf.is. Nokkrar rekstrartruflanir hafa fylgt þessum breytingum sem hafa haft áhrif á virkni kerfisins. Áfram verður unnið við breytingar á kerfinu og stefnt er að því að allar aðgerðir sem nú er unnið að verði tilbúnar til kynningar á formannafundi í nóvember. M.a. verður þá búið að tengja eftirlitskerfi við rástímaskráningarkerfið á golf.is, sem á að auðvelda klúbbunum að fylgjast með nýtingu vallanna.

8. Stjórnarmót

Forseti gerði grein fyrir að fimmtudaginn 18. september yrði haldið stjórnarmót fyrir núverandi og fyrrverandi stjórnarmenn GSÍ og hvatti forseti alla stjórnarmenn til að mæta, en mótið fer fram á Grafarholtsvelli.

9. Stefnumótun GSÍ

Unnið hefur verið eftir stefnumótun GSÍ á árinu og verður nú lögð sérstök áhersla á að fylgja eftir stefnumótuninni með því að koma af stað verkefnahópum. Tilgangur þeirra er að skoða framgang þeirra markmiða sem fram hafa verið sett og leggja fram hugmyndir og tillögur að leiðum sem styðja þau markmið sem sett hafa verið fram. Öllum klúbbum landsins hefur verið sent erindi, þar sem þeir eru hvattir til tilnefna fulltrúa í verkefnahópa GSÍ sem skipaðir hafa verið til að vinna að þessum markmiðum.

Til stendur að gera ítarlega grein fyrir þessari vinnu á formannafundinum auk þess sem markmið ársins 2015 verða kynnt.



Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:30.